

15. gr.

Hreppsnefnd úrskurðar flokkun bygginga í gjaldflokka samkvæmt 4. gr. Hreppsnefnd er heimilt:

- A. Að fresta samkvæmt umsóknum álagningu B-gjalds, þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá.
- B. Að fresta samkvæmt umsóknum allt að 5 árum álagningu B-gjalds, ef um er að ræða geymslu- eða gripahús, sem líklegt má telja að fjarlægð verði innan þess tíma, enda sé umsókn rökstudd þannig.
- C. Að lækka samkvæmt umsókn A-gjald og/eða B-gjald eftir því sem við á, þegar lóðarhafi fjarlægir á eigin kostnað byggingu, sem A-gjald og/eða B-gjald hefur verið greitt af. Lækkunin skal þó ekki verða meiri en gjald mundi vera af byggingunni, sem rifin var, og gjaldið, sem ber að greiða af nýbyggingunni.
- D. Að lækka eða fella niður A-gjald af fjölbýlishúsum, iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggja til þess fullgild rök hverju sinni.
- E. Að ákveða gatnagerðargjöld sérstaklega í þeim tilvikum að mannvirki séu sérhæfð eða afbrigðileg um notkun og annað slíkt.
- F. Að gera sérsamninga um gjalddaga, þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald, þegar um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila, eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.
- G. Að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lög taki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiri háttar ágreining, sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrbakkahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. l. nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. júní 1977.

Nr. 258.

AUGLÝSING

um gjaldeyrisviðskipti við erlenda ferðamenn.

1. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands.

Það er aðalreglan, með þeim undantekningum, sem hér fara á eftir, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands mega einir kaupa gjaldeyri af erlendum ferða-

mönnum, enda geta þessir bankar einir enduryfirfært í gjaldeyri fyrir ferðamenn við brottför af landinu, gegn framvísun gjaldeyriskaupanótna. Á sú takmörkun einnig við þau gjaldeyrisviðskipti, sem heimiluð eru hér á eftir við aðra banka, sparisjóði, gististaði o. fl.

2. Aðrir bankar og sparisjóðir.

Aðrir bankar og sparisjóðir mega taka við gjaldeyri af erlendum ferðamönnum og föstum viðskiptamönnum vegna skipta þeirra við erlenda ferðamenn, enda sé öllum innkomnum gjaldeyri skilað til Landsbanka og Útveggsbanka innan viku frá móttöku. Bankar og sparisjóðir skulu færa skiptin á þar til gerðar afreikningsnótur, flokka þær eftir fyrirsögn gjaldeyriseftirlits Seðlabankans og senda þær gjaldeyriseftirlitinu eigi sjaldnar en á mánaðar fresti. Á nótur þessar skal skráð dagsetning gjaldeyrisskiptanna, erlend upphæð, daggengi og andvirði í íslenskum krónum, auk nafns ferðamanns eða annars viðskiptaaðila. Gæta skal þess að afhenda ferðamanni afrit afreikningsnótu.

Gjaldeyrinum skal skipt á kaupgengi á afgreiðsludegi að frádreginni þóknun. skv. gjaldskrá gjaldeyriskiptabankanna. Skal helmingur þóknunar ganga við gjaldeyrisskil til gjaldeyrisviðskiptabankanna.

Öðrum gjaldeyri er hérgreindum bönkum og sparisjóðum óheimilt að skipta.

3. Aðrir aðilar, sem viðskipti eiga við erlenda ferðamenn.

Aðilar, sem skipta við erlenda ferðamenn sem aðalatvinnu eða sem veigamikinn og fastan þátt í starfsemi sinni. þ.e. hótél, flugfélög, skipafélög, ferðaskrifstofur, bifreiðaleigur, minjagrípaverslanir, eigendur og forráðamenn veiðiréttinda í ám og vötnum, mega taka við greiðslu í erlendum gjaldeyri fyrir seldar vörur, leigu, afnotarétt og veitta þjónustu, og skulu þeir gera eigi sjaldnar en á 20 daga fresti gjaldeyrisskil til Landsbanka eða Útveggsbanka eða síns viðskiptabanka. Ofangreindir aðilar skulu senda gjaldeyriseftirlitinu skýrslur, á þar til gerðum eyðublöðum, eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði um hve mikil gjaldeyrisskil hafi verið að ræða, og í hvaða banka gjaldeyri var skilað, en hægt er að semja við gjaldeyriseftirlitið um lengri frest, sérstaklega fyrir aðila með minni eða afmarkaðan rekstur. Skýrslur þessar skulu hafa borist gjaldeyriseftirlitinu eigi síðar en á 10. degi næsta mánaðar.

Ofangreindar heimildir banka, sparisjóða, gististaða o. fl. skv. 2) og 3) til gjaldeyrisskipti, eru háðar þeim forsendum, að öllum hérgreindum skilyrðum um gjaldeyrisskipti, skil gjaldeyris og skýrslugerð sé sinnt í hvívetna af þeirra hálfu.

Gjaldeyriseftirlitið sér um framkvæmd reglna þessara.

Auglýsing þessi, sem er sett skv. heimild í lögum nr. 30 frá 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing ráðuneytisins um gjaldeyrisskipti við erlenda ferðamenn frá 14. maí 1969.

Viðskiptaráðuneytið, 16. júní 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.